

HÚSÖNDIN

12.tbl. 3.árg.
25. mars 2020

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 26. MARS- 1. APRÍL

- 26.3. Selma Dröfn Ásmundsdóttir
- 28.3. Sólveig Pétursdóttir
- 29.3. Hjörtur Smári Sigurðsson, Þór Sæmundsson
- 31.3. Anna Dagbjört Andrésdóttir
- 1.4. Sólveig Jónsdóttir, Arnþrúður Dagsdóttir,
Þórhildur Jökla Davíðsdóttir



Kæru Mývetningar

Í ljósi hertra aðgerða stjórnvalda gegn Covid-19 faraldrinum þá munu Jarðböðin loka um óákveðinn tíma frá 23. mars. Öll aðgangskort verða fryst á meðan lokun stendur.

Við endurmetum stöðuna um leið og tækifæri gefst.

Munum að við erum öll almannavarnir og förum varlega



Kærar kveðjur frá Jarðböðunum

Dear people of Mývatnssveit

The Icelandic government has issued further restrictions in the fight against Covid-19. Due to that, Mývatn Nature Baths will be temporarily closed from March 23rd. We will freeze all member cards until we open again

Best regards from Mývatn Nature Baths

Tvíhöfði

Þingeyinga special

Í beinu streymi á
facebook síðu
Þekkingarnetsins
kl. 10.00 á
föstudagsmorgun.

Föstudagsgestirnir!

Jón Gnarr og Sigurjón
Kjartansson verða
morgungestir hjá
Þekkingarneti Þingeyinga
á föstudaginn.

Þekkingarnetið mun
standa fyrir vikulegum
viðburðum á léttu
nótunum sem streymt
verður um facebook síðu
stofnunarinnar næsta
mánuðinn.

Tvíhöfði er fyrir löngu
orðinn goðsagnakenndur
útlarpsþáttur og því
óhætt að lofa góðri
skemmtun.

Engin skráning. Meira um
viðburðina á www.hac.is
og [www.facebook.com/
thekkingarnet/](http://www.facebook.com/thekkingarnet/).



Jón og Sigurjón hófu samstarf
sitt í útvarpi árið 1994. Í
framhaldi af því urðu þeir báðir
partur af Fóstbræðrapáttunum
óðauðlegu.

Nú ætla þeir félagar að bjóða
upp á heilan þátt þar sem
áherslan verður á
Þingeyjarsýslur og málefni
líðandi stundar. Smásálin verður
á sínum stað ásamt því sem þeir
taka nokkur af sínum allra bestu
lögum.

Það má engin missa af þessu!



Þekkingarnet
Þingeyinga



Tæpitungulaust fyrirlestur 30.3.2020 kl:20



GÓÐAR SVEFNVENJUR - barna og fullorðinna!



SKRÁNING Á HAC@HAC.IS OG WWW.HAC.IS FYRIRLESTURINN VERÐUR Í FJARFUNDI

Góður svefn er lykill að góðu andlegu jafnvægi. Sólveig Hlín Kristjánsdóttir, sérfræðingur í klínískri barnasálfræði mun fjalla um góðar svefnvenjur sem gætu hentað allri fjölskyldunni. Svefnleysi getur haft ólíkar birtingamyndir, m.a. ergelsi, eirðarleysi, syfju og skerta frammistöðu í daglegum verkefnum. Einföld svefnráð geta hjálpað til að stuðla að heilbrigðara lífni.

Aðgangur ókeypis- Fjarfundur sem auðvelt er að tengjast
- Allir velkomnir!

Kæri viðskiptavinur

Við hjá Sparisjóði Suður-Pingeyinga bregðumst við samkomubanni sem og leiðbeiningum almannavarna með því að gera það sem í okkar valdi stendur til að draga úr smitleiðum og auka öryggi viðskiptavina og starfsmanna.

Í ljósi aðstæðna verða afgreiðslustöðvar okkar á Laugum og í Mývatnssveit lokaðar tímabundið frá og með 24. mars, en útibú okkar á Húsavík verður opið frá 13:00 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga, og til 15:00 alla föstudaga.

Þjónustan verður að öðru leyti óskert og verður öllum tölvupóstum og símtölum svarað frá 9.00 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga, og til 15:30 á föstudögum. Við biðjumst velvirðingar á þeim óþægindum sem þetta hefur í för með sér, en bendum á þær rafrænu lausnir sem í boði eru á www.heimabanki.is. Starfsmenn okkar eru ávallt til þjónustu reiðubúnir að aðstoða, bæði í gegnum síma og tölvupóst.

Við þökkum umburðarlyndið og bendum viðskiptavinum okkar á að hafa endilega samband ef einhverjar spurningar vakna.

www.spar.is - spthin@spthin.is - 464-6200



SPARISJÓÐUR

Suður-Pingeyinga